



## Fundargerð

242. fundur Umhverfis - og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu  
12, 17. janúar 2020, kl. 08:15

\* \* \*

### Viðstaddir:

Eysteinn Eyjólfsson, Gunnar Felix Rúnarsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Ríkharður Ibsen, Róbert Jóhann Guðmundsson.

### Starfsmenn:

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Sigmundur Eyþórsson tæknifulltrúi, Sigurður Ingi Kristófersson, deildarstjóri umhverfismála, Dóra Steinunn Jóhannsdóttir ritari.

### **1. Samráðs og afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 276 (2020010081)**

Lögð fram til kynningar fundargerð 276. fundar, dagsett 7. janúar 2020 með fullnaðarafgreiðslum erinda. Fundargerðin er í 12 liðum.

### **2. Hafnargata 27 - Deiliskipulagstillaga (2019080249)**

Fasteignasalan Ásberg ehf. leggur fram tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Hafnargata 27 með uppdráttum frá Unit ehf. dags. 04.10.2019. Tillagan hefur verið auglýst. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma sem lauk 30. desember 2019.

*Samþykkt að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.*

### **3. Fjölbrotaskóli Suðurnesja - Deiliskipulag (2019090479)**

Fjölbrotaskóli Suðurnesja leggur fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna stækkunar skólans með uppdráttum frá Verkfræðistofu Suðurnesja, dags. 08.10.2019. Tillagan hefur verið auglýst. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma sem lauk 30. desember 2019.

*Handwritten signatures and initials: EYJ, RFG, HMF, and others.*



*Samþykkt að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.*

#### **4. Flugvellir 14 - Fyrirspurn (2019010202)**

Lóðarhafi leggur fram til fyrirspurnar um hvort byggja megi samkvæmt framlögðum uppdráttum, hæð og umfang byggingar, byggingarmagn er samkvæmt deiliskipulagi 1400 m<sup>2</sup>.

Skilmálar deiliskipulags kveða á um einhalla þak, en óskað er að hluti þaks sé láréttur.

*Samþykkt að senda í grenndarkynningu.*

#### **5. Heiðarból 27 - Fyrirspurn (2020010200)**

Guðmundur Freyr Valgeirsson óskar eftir leyfi til að stækka hús sitt við Heiðarból 27 í samræmi við uppdrátt Tæknipjónustustofnunar SÁ ehf. dags. 16.12.2019. Um er að ræða að loka af yfirbyggt skyggni við inngang þannig að anddyri stækki um 15m<sup>2</sup>. Byggja tengigang milli húsa. Bílskúr var búið að breyta í dagvistunarrými fyrir börn, dagvistun barna er hætt í húsinu.

*Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.*

#### **6. Kirkjuvogur 13 - Ósk um heimild til stækkunar (2019051553)**

Stofnfiskur hf. óskar heimildar til að byggja hús fyrir eldisker í samræmi við uppdrátt Tæknipjónustustofnunar SÁ dags. 16.12.2019.

*Umsögn Minjastofnunar liggur fyrir. Samþykkt að senda í grenndarkynningu.*

#### **7. Flugvallarbraut 732,733,734 og 736 - Lóðabreyting (2020010201)**

Ásbrú fasteignir ehf. óska eftir uppskiptingu á lóðum í samræmi við uppdrátt OMR ehf. dags. 20.05.2019.

*Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3.*

#### **8. Hafnarbakki 10 - Fyrirspurn (2019120105)**

Ásmundur Ö. Valgeirsson sækir um að breyta iðnaðarhúsnæði við Hafnarbakka 10 í fjölbýlishús með 16 íbúðum, byggt verði við húsið til suðurs. Á 1. hæð austurenda byggingarinnar verði kaffihús tengt viðbyggingu. Einnig er sótt um að á norðurhlíð komi stálstigi sem færi 3m út fyrir lóðmörk.

*Erindi frestað.*

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Sout", "HMF", and others.*



### 9. Bogabraut 960 - Útlitsbreyting (2019120208)

Heimavellir 900 ehf. óskar eftir útlitsbreytingum á Bogabraut 960. Settar eru hurðir á íbúðir 0101 og 0102 (verönd) og svalir á íbúðir á 2. og 3. hæð sbr. aðaluppdráttum frá Tækniþjónustu SÁ ehf. dags. 09.12.2019.

*Fordæmi eru fyrir slíkum breytingum í hverfinu sem nauðsynlegar eru vegna öryggis íbúa. Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3.*

### 10. Bogabraut 961A - Útlitsbreyting (2019120263)

Heimavellir 900 ehf. óskar eftir útlitsbreytingum á Bogabraut 961A. Settar eru hurðir á íbúðir 0101 og 0102 (verönd) og svalir á íbúðir á 2. og 3. hæð sbr. aðaluppdráttum frá Tækniþjónustu SÁ ehf. dags. 09.12.2019.

Fordæmi eru fyrir slíkum breytingum í hverfinu sem nauðsynlegar eru vegna öryggis íbúa. Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3.

### 11. Dalsbraut 8 - Breyting á deiliskipulagi (2020010204)

Kristinn Ragnarsson arkitekt fyrir hönd lóðarhafa óskar eftir breytingu á deiliskipulagi fyrir Dalsbraut 8 í samræmi við erindi dags. 09.01.2020 og uppdrátt KRark dags. 08.01.2020. Íbúðum verið fjölgað úr 14-15 í 22. Húsið verði 3 hæðir í stað 2-3 hæða. Byggingareitur stækki til suðurs og nýtingahlutfall aukist um 40m<sup>2</sup> vegna A-rýma og um 600m<sup>2</sup> vegna B-rýma (yfirbyggðar svalir og svalagangar).

*Um óverulega breytingu á deiliskipulagi er að ræða. Samþykkt að senda í grenndarkynningu.*

### 12. Vatnsnesvegur 7 - Fyrirspurn (2019100012)

Verkfræðistofa Suðurnesja ehf. fyrir hönd lóðarhafa leggur fram ósk um að stækka húsið um 83m<sup>2</sup> til suðurs til viðbótar þeirri stækkun sem heimild var eftir grenndarkynningu sem lauk án athugasemda dags 29.11.2019. Heildarstækkun hússins verður 283 m<sup>2</sup>.

*Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3.*

### 13. Hlíðarhverfi - Deiliskipulag (2019120007)

Umferðargreining fyrir Hlíðarhverfi og nágrenni er lögð fram.

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að deiliskipulag sé unnið áfram í samræmi við framlögð gögn.*

*Suð. Byg. HMF*



#### 14. Mardalur 16-24 - Fyrirspurn (2019060043)

Kj Hönnun fyrir hönd lóðarhafa Sæfafa ehf. óskar eftir að fjölga íbúðum við Mardal 16-24 um eina íbúð. Íbúðir verið 6 í stað 5. Íbúðirnar verði á stærðarbilinu 90-120m<sup>2</sup>.

*Ekki er grundvöllur fyrir frekari fjölgun íbúða á þessu svæði. Erindi hafnað.*

#### 15. Vatnsnesvegur 27 - Niðurstaða grenndarkynningar (2019100421)

Þorkell Bernhardsson óskar eftir breyttri innkeyrslu á lóðina Vatnsnesvegur 27.

Samþykkt var að senda erindið í grenndarkynningu á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 1. nóvember 2019. Grenndarkynningu lauk án athugasemda.

*Erindi samþykkt en umsækjandi mun bera allan kostnað af breytingum sem gerðar eru í samráði við umhverfissvið.*

#### 16. Einidalur 5 - Lóðarumsókn (2019120261)

Dagbjört Þ. Ævarsdóttir og Hlynur Sigursveinsson sækja um lóðina Einidalur 5.

*Lóðarúthlutun samþykkt.*

#### 17. Hamradalur 3 - Lóðarumsókn (2019120233)

Ester Sigurjónsdóttir sækir um lóðina Hamradalur 3.

*Þar sem fleiri aðilar sóttu um lóðina, mun hlutkesti fara fram milli umsóknaraðila. Skipulagsfulltrúa falið að sjá um hlutkestið og bjóða umsóknaraðilum að vera viðstaddir. Greint frá niðurstöðum á næsta fundi.*

#### 18. Hamradalur 3 - Lóðarumsókn (2019120316)

Vignir Ragnarsson sækir um lóðina Hamradalur 3.

*Þar sem fleiri aðilar sóttu um lóðina, mun hlutkesti fara fram milli umsóknaraðila. Skipulagsfulltrúa falið að sjá um hlutkestið og bjóða umsóknaraðilum að vera viðstaddir. Greint frá niðurstöðum á næsta fundi.*

#### 19. Hamradalur 3 - Lóðarumsókn (2020010102)

Stefán M. Jónsson sækir um lóðina Hamradalur 3.

SW = ÞYG  
HMF [Signature] [Signature]



*Þar sem fleiri aðilar sóttu um lóðina, mun hlutkesti fara fram milli umsóknaraðila. Skipulagsfulltrúa falið að sjá um hlutkestið og bjóða umsóknaraðilum að vera viðstaddir. Greint frá niðurstöðum á næsta fundi.*

#### **20. Hamradalur 3 - Lóðarumsókn (2020010101)**

Ágústa Guðmundsdóttir sækir um lóðina Hamradalur 3.

*Þar sem fleiri aðilar sóttu um lóðina, mun hlutkesti fara fram milli umsóknaraðila. Skipulagsfulltrúa falið að sjá um hlutkestið og bjóða umsóknaraðilum að vera viðstaddir. Greint frá niðurstöðum á næsta fundi.*

#### **21. Hamradalur 3 - Lóðarumsókn (2020010107)**

Hildur B. Jónsdóttir sækir um lóðina Hamradalur 3.

*Þar sem fleiri aðilar sóttu um lóðina, mun hlutkesti fara fram milli umsóknaraðila. Skipulagsfulltrúa falið að sjá um hlutkestið og bjóða umsóknaraðilum að vera viðstaddir. Greint frá niðurstöðum á næsta fundi.*


#### **22. Starfsáætlun umhverfissviðs (2019120103)**

Sviðsstjóri fór yfir drög af starfsáætlun umhverfissviðs fyrir árið 2020.

*Umhverfis- og skipulagsráð þakkar starfsfólki sviðsins fyrir vandaða og vel gerða starfsáætlun.*

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

  
Helga María Finnsdóttir  
